

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 138/1661

komudagur 9.4.2010



Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2010

EBl/--

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum, 20. mál á 138. löggjafarþingi.

Tilv. 2010030010

Þí hafa áður veitt umsögn um þingsályktunartillögu sama efnis, dags 17. mars 2009 þar sem mælt er með samþykkt tillögunar og er sú afstaða hér með ítrekuð.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1438
komudagur 29.3.2010*

Reykjavík, 26.03.2010
Tilv. 019/2010 - 06.01.00
HP

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum, 20. mál.

Lýðheilsustöð hefur áður veitt umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þá 45. mál 2009. Stofnunin er enn sama sinnis og fylgir umsögnin frá 19.03. 2009 hér með.


Erindið hefur verið borið undir mannelisráð sem er eitt af sérfræðiráðum Lýðheilsustöðvar.


Lýðheilsustöð styður tillöguna um að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarks magn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar. Stofnunin telur að samhliða setningu reglna þurfi að koma til fræðsla til almennings varðandi mettaða fitu þar sem hún er oft notuð í staðinn fyrir transfitusýrur þegar hert fita er tekin úr vörum. Áhrif mettaðrar fitu á heilsuna geta einnig verið alvarleg og því er mikilvægt að fræða framleiðendur um að nota ómetta fitu í staðinn. Jafnframt er mikilvægt að efla matvælaeftirlit þannig að hægt sé að framfylgja reglunum.

Eins og fram kemur í greinargerð sem fylgir tillögunni var neysla á transfitusýrum 3,5 grömm á dag að meðaltali samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði árið 2002. Það er nokkuð yfir þeim mörkum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) telur æskilegt en það er um 2 grömm að hámarki á dag. Þó nýlegar niðurstöður mælinga á transfitusýrum í þó nokkrum fjölda innlendra matvæla sýni að magn transfitusýra hafi lækkað frá síðustu mælingum eru viss matvæli enn með umtalsvert magn transfitusýra. Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hver neysla á transfitusýrum er í dag þar sem landskönnun á mataræði hefur ekki farið fram síðan 2002. Það er því orðið mjög aðkallandi að framkvæma slíka rannsókn sem allra fyrst.

Athugasemdir varðandi greinargerð með þingsályktunartillögunni:

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni er á köflum fullsterkt til orða tekið. Sem dæmi má nefna síðustu setningu greinargerðarinnar “enda má ætla að fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á transfitusýrum”. Þetta er ekki spurning um bráða hættu heldur frekar áhrif af neyslu transfitusýra yfir lengri tíma. Einnig má nefna að merkingarreglugerðir hér á landi eru þær sömu og hjá Evrópusambandslöndum, en í þeim löndum er enn ekki skylda að merkja vörur með næringargildismerkingu. Lýðheilsustöð telur þó mikilvægt að það verði gert að skyldu.


Hólmfríður Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri næringar


Margrét Björnsdóttir
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138 / 1475
komudagur 29. 3. 2010



Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfoss, 26. mars 2010

Umsögn Matvælastofnunar Þskj. 20

Þingsályktunartillaga Hámarks magn transfitusýra í matvælum

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. mars s.l., þskj. 20 – mál 20 og gefur Matvælastofnun svohljóðandi umsögn.

Framkomin tillaga er í samræmi við þá vinnu sem unnin hefur verið innan Borgara- og neytendanefndar og Velferðarnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar. Á fundi þessara nefnda þann 24. september 2008 var samþykkt að beina effirfarandi tilmælum til ráðherranefndarinnar:

- Að önnur ríki í Norðurlandaráði fylgi fordæmi Danmerkur og takmarki skaðlegar transfitusýrur í matvælum við tvö af hverjum 100 grömmum af fitu í unnum matvælum.
- Að lagabreytingar sem kveða á um að takmarka magn transfitusýra við 2 grömm af hverjum 100 grömmum af fitu í matvælum gangi í gildi eigi síðar en fimm árum eftir samþykkt þessara tilmæla.
- Að norrænu ESB/EES-ríkin beiti sér fyrir að fordæmi Danmerkur verði rætt innan vébanda ESB/EES, sem geti leitt til að aðildarríki ESB/EES breyti lögum þannig að magn transfitusýra verði eigi meira en tvö af hverjum 100 grömmum af fitu í unnum matvælum.

Ekkert Norðurlandanna hefur þó enn fylgt fordæmi Danmerkur. Í löndunum hafa rannsóknir verið í gangi á innihaldi transfitusýra í matvæla og virðast niðurstöður þeirra rannsókna ekki hafa gefið tilefni til að setja hámarksgildi á transfitusýrur í matvælum.

Tvær leiðir eru færar til að minnka transfitusýrur frekar í matvælum. Önnur er vægari og felst í að ræða við framleiðendur og hvetja til breytinga á fitunotkun ásamt birtingu stjórnvalda á upplýsingum um óhollustu transfitusýra og vörur sem innihalda þær. Hin leiðin er „danska leiðin“ eða setning reglugerðar sem setur hámark á transfitusýrur í matvælum við (t.d.) 2% af heildarfitusýrum.

Danska leiðin er frekar hörð aðgerð, en skilar árangri hratt, því þá er hægt að fjarlægja vörur af markaði sem innihalda transfitusýrur yfir hámarksgildi.

Sú leið að upplýsa neytendur og ræða við framleiðendur og hvetja til breytinga í innkaupum/vinnslu er vægari, en skilar ekki eins fljótt árangri. Hvor leiðin sem farin er þarf

effirlit og aðhald sem felst í að fylgjast með vörum á markaði og mæla fitusýrusamsetningu í grunsamlegum vörum.

Matís ohf, MAST og Lýðheilsustöð stóðu saman að rannsókn á fitusýrusamsetningu matvæla árin 2008 og 2009.


<http://www.mast.is/index.aspx?Groupid=505&tabid=511&NewsItemID=2172&ModulesTabsId=919>

Því sem næst tvö af hverjum 3 sýnum sem mæld voru innihalda minna en 2 grömm af transfitusýrum af hverjum 100 grömmum af fitu sem er danska hámarksgildið. Önnur sýni greindust allt frá því að vera rétt yfir mörkunum uppí 28g transfitusýrur af 100g fitu. Þau sýni sem innihalda mest af transfitusýrum komu frá þremur innlendum framleiðendum og tvær innfluttar vorur voru einnig með hátt transfitusýruinnihald.

MAST hafði í apríl 2009 samband við þá framleiðendur sem samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar notuðu transfitusýrur og aftur í janúar 2010. Framleiðendur hafa verið jákvæðir og í janúar síðastliðnum kváðust tveir stórir framleiðendur hætta notkun transfitusýra í vörur sínar og sá þriðji vinnur nú í því að finna feiti án transfitusýra sem hentar í vinnslu hans. Mast hefur einnig haft samband við innflytjanda vöru með hátt innihald transfitusýra. Þar er vilji og vinna í gangi til að breyta vörunni, enda hafa transfitusýrur einnig fengið neikvæða umfjöllun í upprunalandi vörunnar.

Í ljósi þessa er það mat MAST að sambærilegur árangur geti náðst hér og í Danmörku við að draga úr transfitusýrum án setningar hámarksgilda með reglugerð.

F.h Matvælastofnunar



Viktor Stefán Pálsson

Forstöðumaður Stjórnsýslusviðs

Hjálagt: Nýjar greiningar á fitusýrum í matvælum - Hlutfall transfitusýra er mjög breytilegt. Skýrsla Matís ohf., Lýðheilsustöðvar og MAST.

Afrit: nefndasvid@althingi.is

Nýjar greiningar á fitusýrum í matvælum - Hlutfall trans-fitusýra er mjög breytilegt

Á árunum 2008 og 2009 voru gerðar hjá Matís ohf fitusýrugreiningar á 51 sýni af matvörum í þeim tilgangi að uppfæra gögn í ÍSGEM gagnagrunninum um efnainnihald matvæla. Verkefnið var unnið í samstarfi við Lýðheilsustöð og Matvælastofnun. Áhersla var lögð á að kanna magn trans-fitusýra í unnum matvælum og því voru tekin sýni af borðsmjörliki, bökunarvörum, djúpsteikingarfeiti, mat frá skyndibitastöðum, ís, kexi, snakki og sælgæti.

Í næringarráðleggingum er mælt með því að fólk borði eins lítið af trans-fitusýrum úr iðnaðarhráefni og hægt er. Einnig er mælt með því að takmarka neyslu á mettuðum fitusýrum. Með þessu móti er hægt að draga úr líkum á hjartasjúkdómum. Skortur hefur verið á upplýsingum um trans-fitusýrur í matvælum á íslenskum markaði en nú hefur að nokkru leyti verið bætt úr því.

Stór rannsókn var gerð á fitusýrum í öllum flokkum matvæla á íslenskum markaði árið 1995. Niðurstöðurnar nú sýna að hlutfall trans-fitusýra fyrir nær öll matvælin er lægra en áður var. Í öllum flokkum matvara greindust a.m.k. sum sýnanna með litlu sem engu af trans-fitusýrum og er það mikil breyting frá því sem verið hefur. Til dæmis var nær ekkert af trans-fitusýrum í þeim tegundum af kexi sem teknar voru til skoðunar. Þetta sýnir að matvælaíðnaðurinn hefur fundið leiðir til að framleiða afurðir án trans-fitusýra. Það greindist þó talsvert af trans-fitusýrum í nokkrum sýnum af smjörliki, bökunarvörum, ís og poppkorni. Ljóst er að framleiðendur geta endurbætt þessar vörur og losað þær við trans-fitusýrur. Niðurstöðurnar eru í samræmi við það að víða erlendis hefur náðst góður árangur við að draga úr trans-fitusýrum í matvælum.

Niðurstöður fitusýrugreininganna eru teknar saman fyrir fitusýruflokka í töflu á næstu síðu. Helstu niðurstöður mælinganna voru:

- a. Hlutfall trans-fitusýra í þeim matvælum, sem greind voru, hafði almennt lækkað frá árinu 1995 en þá var gerð stór rannsókn á fitusýrum í íslenskum matvælum.
- b. Í sýnum af kexi var mjög lítið af trans-fitusýrum (undir 0,8% af fitusýrum). Í sýnum af sælgæti var lítið af trans-fitusýrum (undir 2% af fitusýrum). Í sýnum af mat frá skyndibitastöðum voru trans-fitusýrur undir 3,5% af fitusýrum.
- c. Í sýnum af borðsmjörliki, bökunarvörum, jurtaís, smjörliki og snakki voru matvörur frá sumum framleiðendum með mikið af trans-fitusýrum en í sýnum frá öðrum framleiðendum var magn þessara fitusýra óverulegt. Þetta sýnir að vel er framkvæmanlegt að framleiða þessi matvæli án trans-fitusýra.
- d. Merkingar á umbúðum stóðust ekki í öllum tilfellum fyrir þær vörur sem voru til skoðunar. Umbúðir fyrir eitt kexsýnið bentu til þess að trans-fitusýrur væru í kexinu þar sem tilgreind var jurtafeiti hert að hluta. Það reyndist hins vegar ekki rétt, kexið var laust við trans fitusýrur.

Í Danmörku er hámarksgildi fyrir transfitusýrur úr iðnaðarhráefni 2% af öllum fitusýrum. Hlutfallið er undir þessum mörkum fyrir 27 vörumerki og tegundir safnsýna af alls 42 eða 64% af öllum vörumerkjunum og tegundum safnsýna.

Rétt er að benda á að þótt transfitusýrum sé útrýmt úr ákveðnum fæðutegundum þá er ennþá sá möguleiki fyrir hendi að varan innihaldi mettaða fitu og það ef til vill í miklu magni.

Þótt magn trans-fitusýra sé almennt ekki merkt á umbúðir matvæla geta neytendur samt dregið vissar ályktanir af innihaldslýsingum. Ef jurtaolía er eina fituhráefnið má reikna með að varnan innihaldi ekki trans-fitusýrur og tekist hafi að halda mettuðum fitusýrum í lágmarki. Sérstaklega ætti að huga að þessu í innihaldslýsingum fyrir brauð, kökur og kex. Hafa þarf í huga að kókosfeiti og pálmafeiti eru harðar feitmetistegundir úr jurtaríkinu og innihalda mikið af mettuðum fitusýrum. Ef fita hert að hluta (partially hydrogenated) kemur fyrir í innihaldslýsingu má gera ráð fyrir trans-fitusýrum. Hert fita er hins vegar ekki sönnun þess að trans-fitusýrur séu í vörunni en gera þarf ráð fyrir talsverðu af mettuðum fitusýrum.

Niðurstöður fitusýrugreininga á matvælum 2008 og 2009. Taflan sýnir magn (g) fitu og fitusýra í 100g.

Matvara	Tími	Fita	Mettaðar fitusýrur	Trans fitusýrur	Ómettaðar fitusýrur
Borðsmjörliki					
Borðsmjörliki A	Ágúst 2008	43,7	11,2	0,6	28,9
Borðsmjörliki B	Ágúst 2008	67,6	12,6	9,8	41,0
Borðsmjörliki B	Sept 2009	64,1	20,1	12,4	26,6
Bökunarvörur					
Heilhveitibrauð A	Ágúst 2008	3,1	0,7	0,1	1,5
Hjónabandssæla A	Ágúst 2008	16,9	7,2	0,1	8,0
Jólakaka A	Ágúst 2008	14,7	4,1	1,4	7,6
Jólakaka B	Júní 2009	12,5	6,5	0,1	5,0
Jólakaka C	Júní 2009	11,3	3,7	0,1	6,6
Kleinur A	Ágúst 2008	15,9	3,5	3,4	7,4
Kleinur B	Júní 2009	17,9	5,8	3,6	6,8
kleinur B	Sept 2009	24,0	6,5	6,1	8,8
Kleinur C	Júní 2009	20,6	7,9	0,1	11,1
Kleinur D	Júní 2009	19,0	3,5	2,9	10,7
Smjördeigshorn A	Ágúst 2008	24,7	12,7	0,6	8,9
Snúðar A	Ágúst 2008	4,6	1,3	0,1	2,1
Vínarbrauð A	Ágúst 2008	23,4	10,0	0,2	11,0
Vínarbrauð A	Júní 2009	22,4	9,8	0,2	10,7
Djúpsteikingarfeiti					
Feiti A	Ágúst 2008	100,8	90,1	0,9	4,1
Djúpsteikt / steikt matvæli					
Franskar kartöflur A	Ágúst 2008	16,1	2,3	0,4	11,7
Franskar kartöflur A	Sept 2009	14,9	1,5	0,1	11,9
Franskar kartöflur C	Ágúst 2008	6,3	2,2	0,1	3,4
Hamborgarar A	Ágúst 2008	15,0	5,9	0,5	6,7
Kjúklingabitur A	Ágúst 2008	13,8	3,2	0,1	8,9
Ís					
Jurtaís A	Júní 2009	9,6	8,2	0,0	0,7
Jurtaís B	Ágúst 2008	10,2	3,7	1,8	3,5
Jurtaís B	Júní 2009	10,0	2,6	2,1	4,3
Jurtaís B	Sept 2009	11,4	2,4	1,4	6,5
Jurtaís C	Ágúst 2008	10,0	8,2	0,0	0,7

Matvara	Tími	Fita	Mettaðar fitusýrur	Trans fitusýrur	Ómettaðar fitusýrur
Kex					
Kex A	Ágúst 2008	20,3	8,7	0,1	9,1
Kex B	Ágúst 2008	17,5	9,1	0,1	6,3
Kex C	Ágúst 2008	13,0	6,5	0,0	4,9
Kex D	Sept 2009	12,4	6,3	0,0	4,7
Kex E	Ágúst 2008	12,4	6,1	0,0	4,8
Kex F	Ágúst 2008	22,4	10,5	0,1	9,2
Smjörliki					
Smjörliki A	Ágúst 2008	83,8	33,9	2,8	41,4
Smjörliki B	Ágúst 2008	82,3	33,9	1,7	41,3
Smjörliki C	Ágúst 2008	79,8	34,2	0,3	40,3
Smjörliki D	Ágúst 2008	82,0	26,6	12,9	37,1
Smjörliki D	Júní 2009	81,2	38,8	0,4	38,2
Smjörliki E	Ágúst 2008	83,0	25,9	18,1	33,6
Snakk					
Kartöflusnakk A	Ágúst 2008	21,8	1,5	0,0	17,7
Poppkorn A	Ágúst 2008	17,2	12,2	0,0	2,9
Örbylgjupoppkorn A	Sept 2009	18,7	8,2	0,1	8,4
Örbylgjupoppkorn B	Júní 2009	26,1	5,5	6,8	10,2
Örbylgjupoppkorn B	Sept 2009	23,2	4,8	5,9	9,3
Örbylgjupoppkorn C	Sept 2009	10,4	2,1	2,2	4,6
Sælgæti					
Súkkulaðivara A	Ágúst 2008	25,4	15,6	0,4	7,3
Súkkulaðivara B	Ágúst 2008	25,1	13,4	0,4	9,5
Súkkulaðivara C	Sept 2009	29,3	20,6	0,1	6,6

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1438
komudagur 26.3.2010

Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 25. mars 2010
2010030012/42-1-3
TB
jgo/tb

Þingsályktunartillaga um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum, 20. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við framangreinda tillögu enda kemur hún ekki inn á verksvið stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 138/1269
komudagur 17.3.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámark transfitusýra í matvælum, 20. mál.


Neytendasamtökin fagna tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum og telja hana tímabæra.

Neytendasamtökin hafa ítrekað hvatt til þess að íslensk stjórnvöld fari að dæmi Dana og setji reglur sem takmarka magn um transfitusýrur í matvælum. Samtökin sendu umhverfisráðherra erindi vegna þessa í janúar 2007 og sendu einnig jákvæða umsögn um sambærilega þingsályktunartillögu í fyrra.

Það er óumdeilt að transfitusýrur eru óhollar og því er ábyrgðarhluti hjá stjórnvöldum að aðhafast ekkert í þessu máli.

Neytendasamtökin hvetja þingið til að hafa hagsuni neytenda að leiðarljósi og láta lýðheilsusjónarmið ráða för líkt og Danir hafa gert. Eflaust verður þróunin sú að svokallaðar iðnaðarframleiddar transfitusýrur verði alfarið bannaðar en íslenskir neytendur eiga ekki að þurfa að bíða eftir tilskipun frá Evrópusambandinu. Íslensk stjórnvöld geta tekið af skarið og ber skylda til þess að mati Neytendasamtakanna.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1365
komudagur 24.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvællum, 20. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir það sjónarmið að takmarka beri innihald transfitusýra í matvællum eftir föngum. Að því hefur matvælaíðnaðurinn, bæði hér á landi og annars staðar, unnið hörðum höndum á undanföllum árum.

Samtökin gerðu athugasemdir við samhljóða þingsályktunartillögu fyrir réttu ári síðan og bentu þá m.a. á að miklar breytingar hafa átt sér stað á transfitusýruinnihaldi margra matvæla á íslenskum markaði frá því að Dr. Stender, sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni, gerði sínar mælingar. Greinargerðin ber það með sér að flutningsmenn hafa hvorki kynnt sér efni umsagnar SA og SI frá síðasta ári né þau vísindalegu gögn sem þar er vitnað í. Matís hefur mælt fitusýrur í flestum þeim matvællum sem talin eru áhættusöm m.t.t. transfitusýra á síðustu tveimur árum og benda niðurstöðurnar eindreglð til að verulega hafi dregið úr innihaldi transfitusýra. Frá því eru örfáar undantekningar þar sem vitað er að iðnaðurinn vinnur nú að úrbótum en hefur ekki tekist að losna við transfitusýrur að fullu. Því starfi verður ekki hætt fyrr en fullur árangur hefur náðst.

Samtökin ítreka fyrri umsögn sína og vísa jafnframt til nýjustu rannsókna Ólafs Reykdal, sérfræðings á Matís, sem eru birtar í frétt á slóðinni: <http://www.matis.is/um-matis/frettir/2010/01/27/nr/2618>. Heildarniðurstöður mælinga frá árinu 2009 eru birtar á vef Matís á slóðinni: http://www.matis.is/media/frettir/Fitusyrur_2008_09_Skyrsla_Frett_Jan2010.pdf.

Þá má benda á að í vísindalegu álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), frá janúar 2008 um kröfur til næringarinnihalds matvæla sem mega bera næringar- eða heilsufullyrðingar, er talið að neysla á transfitusýrum hafi minnkað það mikið á síðustu árum að mikilvægi þeirra fyrir heilsu almennings sé hverfandi, sjá skýrslu á slóðinni: <http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/s644.pdf>.

Samtökin ítreka að upplýsingar, sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni, eru algerlega úreltar. Í ljósi þess árangurs, sem þegar hefur náðst við að útrýma transfitusýrum úr íslenskum matvællum, telja Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins ekki tilefni til að eyða takmörkuðum tíma og fjármunum Matvælastofnunar í reglusetningu á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/148/
komudagur 30.3.2010



Reykjavík, 29. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitúsýra í matvælum. (20. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér undirbúning að setningu reglna um hámarks magn transfitúsýra í matmælum af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Framlögð tillaga til þingsályktunar leggur til að undirbúningur verði hafin á setningu reglna um að hámarks magn transfitúsýra í matmælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar. Tillagan er lögð fram að danskri fyrirmynd en þar í landi hefur verið lagt bann við matvörum sem innihalda meira magn af transfitúsýru en sem þessu nemur.

Viðskiptaráð leggst gegn þessari tillögu og telur að hún gangi of langt í verndun neytanda vegna hugsanlega skaðlegum áhrifum af neyslu transfitúsýra. Eðlilegri nálgun vegna áhrifa transfitúsýra er að varað sé við ofneyslu og ríkari krafa um merkingar matvæla. Sú nálgun sem farið hefur verið í Bandaríkjunum og fjallað er í greinargerð með ofangreindri tillögu, tekur til reglugerðar um merkingar matvæla, og er að mati ráðsins eðlilegri nálgun til að draga úr neyslu transfitúsýra.

Í greinargerð með tillögunni er til þess vísað að innleiðing reglugerðar um merkingar matvæla sé tímafrek og hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir eftirlitskerfið auk þess sem upplýsingaveita til almennings sé erfið í framkvæmd. Til staðar eru í íslensku réttarkerfi reglugerðir um bæði merkingar matvæla, rg. 503/2005, og merkingu næringargildis matvæla, rg. 410/2009. Eðlilegast væri að transfitúsýrumagn matvæla væri sérstaklega tekið fram á umbúðum matvara eins og á við um ýmis önnur innihaldsefni. Reglugerðir þess efnis eru til staðar og þyrfti því aðeins að aðlaga þær. Um leið væri hægt að fela Lýðheislustöð að gera almenningi grein fyrir hugsanlega skaðlegum áhrifum transfitúsýra í matvælum, með vísan í merkingar, en þar hefur vinna við slíkt þegar hafist.

Það verður heldur ekki séð að sú leið sem farin hefur verið í Danmörku, þ.e. leyfilegt hámark transfitúsýra í matvælum, sé auðveldari í framkvæmd en sú leið sem höfundar tillögunnar vísa á bug sem of tímafrekri og kostnaðarsamari. Með banni fylgir eftirlit á vegum eftirlitskerfisins sem felur í sér kostnað ásamt því að setja þyrfti upp leyfaferli fyrir innfluttum matvælum inn á markað.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands